

Ed.

140. Frumvarp til laga

[115. mál]

um breyting á lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953.

Flm.: Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson.

1 gr.

5. gr. laga um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febrúar 1953, falli niður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, nr. 34 frá 18. febr. 1953, segir svo í 1. gr.:

„Söluverð á gasolíu, brennsluolíu, ljósaolíu og bensíni skal vera hið sama á öllum útsölustöðum á landinu“.

Í 5. gr. þessara laga er flugvélabensín hins vegar undanskilið.

Í reglugerð um verðjöfnun á olíu og bensíni frá 29. desember 1956 segir því svo í 1. gr., meðal annars:

„Söluverð á bensíni, öðru en flugvélabensíni, skal vera hið sama frá öllum útsölustöðum, þ.e. birgðastöðvum og bensíndælum“.

Samkvæmt upplýsingum frá olíufélaginu Skeljungu var útsöluverð s.l. haust á nokkrum stöðum á landinu fyrir hvern lítra af flugvélabensíni eins og hér segir:

Reykjavík	kr. 20.10
Akureyri	— 21.95
Egilsstaðir	— 25.05
Ísafjörður	— 25.65
Höfn í Hornafirði	— 25.90

Flugvélabensín er þannig yfirleitt um 25 af hundraði dýrara utan Reykjavíkur, nema á Akureyri. Í þessu verði mun þó ekki vera reiknaður fullur flutningskostnaður.

Á undanförunum árum hefur smáum flugfélögum með aðsetur í hinum ýmsu landshlutum fjölgað. Þau hafa innt af hendi ómetanlega þjónustu fyrir samgöngur viðkomandi landshluta. Sjúkraflug hefur í mörgum tilfellum byggst á slíkum flugfélögum. Þau hafa annast mikið farþegaflug og póstsamgöngur í vaxandi mæli, og ýmsa aðra ómetanlega þjónustu slíkra flugfélaga mætti nefna.

Víðast hvar verða þessi flugfélög að greiða 25 af hundraði herra verð fyrir bensín það, sem þau nota, en flugfélögin, sem staðsett eru í Reykjavík. Þetta getur munað mjög miklu í rekstrarkostnaði þessara flugfélaga, jafnvel svo að rekstrargrundvöllur næst ekki.

Sala á flugvélabensíni utan Reykjavíkur er hins vegar sáralítið brot af því, sem selt er í Reykjavík. Verðjöfnunargjald yrði því mjög lágt.

Ef til vill má afsaka umrætt ákvæði með því, að mjög fáar flugvélar voru staðsettar á landsbyggðinni árið 1953. Þetta er hins vegar gjörbreytt nú. Því er orðið mjög aðkallandi að koma nú einnig á verðjöfnun á flugvélabensíni.